

Mánudaginn 25. janúar 1937.

Nr. 36/1936. Skúli K. Skúlason

gegn

Kristjönu Jensínu Kristjánsdóttur og
gagnsök

Úrskurður hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefir gert þá aðalkröfu hér fyrir dómi, að máli þessu verði vísað frá undirréttinum sökum þess, að dómsmálaráðuneytið hafi ekki verið bært um að veita málshöfðunarleyfi, er svo langur tími var liðinn frá fæðingu barnsins sem hér átti sér stað og lýst er í hinum áfrýjaða dómi. Á þetta verður þó ekki fallizt. Í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 46/1921 er stjórnarráðinu heimilað að lengja málshöfðunarfrest í barnsfaðernismálum, svo sem hæfa þykir, þegar sérstaklega stendur á, og er það eingöngu á þess valdi, en ekki dómstólanna, að meta hverju sinni ástæður til framlengingar frestinum. Krafa aðaláfrýjanda um frávísun málsins frá undirréttinum af þessari ástæðu verður því ekki tekin til greina.

Í sambandi við mál þetta hefir blóðrannsókn á aðiljum og barninu Áslaugu verið framkvæmd eftir ósk aðaláfrýjanda af rannsóknarstofu Háskólans með svonefndri O A B aðferð, en upplýst er, að á þeim tíma, er sú rannsókn fór fram, notaði rannsóknarstofan ekki svonefnda M N blóðrannsóknaraðferð, en nú mun blóðrannsókn þar framkvæmd einnig með þeirri aðferð. Eins og greinir í héraðsdóminum gaf blóðrannsókn rannsóknarstofunnar engar upplýsingar um faðernið. Undir rekstri málsins í héraði skoraði aðaláfrýj-

andi á aðalstefndu að láta blóðrannsókn fara fram í Danmörku með M N aðferðinni, en umboðsmaður aðalstefndu neitaði að verða við þeim til-mælum. Hinsvegar verður ekki séð, að aflað hafi verið umsagnar aðalstefndrar sjálfrar um kröfu þessa.

Þar eð blóðrannsókn með nefndri M N aðferð getur skipt máli um sönnun barnsfaðernis, þá þykir rétt, vegna greindrar kröfu aðaláfrýjanda og með hliðsjón af 214. gr. laga nr. 85/1936, að gefa aðalstefndu kost á að leggja sig og barn sitt, Áslaugu, undir blóðrannsókn á ný, áður en dómur gengur í málinu hér í rétti. Verður því uppsögn dómsins frestað þar til sýnt er, hvort slík rann-sókn getur farið fram eða ekki. Ber því að skylda héraðsdómarann:

1. Til að upplýsa það fyrir dómi, hvort aðal-stefnda vill leggja sig og barn sitt, Áslaugu, undir blóðrannsókn með svonefndri M N að-ferð, og
2. Ef hún svarar því játandi, þá að hlutast til um, að blóðrannsókn á aðaláfrýjanda, Skúla K. Skúlasyni, aðalstefndu, Kristjönu Jensínu Kristjánsdóttur og barni hennar, Áslaugu, fari fram með nefndri M N aðferð, ef unnt verður, og svo fljótt, sem kostur er á.

Því úrskurðast:

Krafa aðaláfrýjanda um frávísun málsins frá undirréttinum af þeirri ástæðu, sem hér að framan segir, verður ekki tekin til greina.

Héraðsdómaranum ber að afla þeirra upp-lýsinga og hlutast til um framkvæmd þeirrar

rannsóknar, sem í 1. og 2. tölulið að framan greinir, og samkvæmt því, sem þar segir.

Miðvikudaginn 27. janúar 1937.

Nr. 2/1936. **Bæjarstjórn Ísafjarðar f. h. kaupstaðarins** (Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Bjarna Bjarnasyni

(Garðar Þorsteinsson)

Undirmatsgerð lögð til grundvallar bótum fyrir lögnumda lóð, með því að yfirmatið fullnægði ekki ákvæðum 6. gr. laga nr. 61 frá 1917.

Dómur aukaréttar Ísafjarðar 23. nóvember 1935: Stefnda, bæjarstjórn Ísafjarðar f. h. Ísafjarðarkaupstaðar, greiði stefnanda, Óskari Borg f. h. Bjarna Bjarnasonar, kr. 820,00 með 5% ársvöxtum frá 1. september 1934 til greiðsludags og kr. 234,50 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi krefst sýknu af kröfum stefnda gegn því, að stefndi fái umráð yfir kr. 576,00 af innistæðu sparisjóðsbókar, er hljóði á nafn stefnda og áfrýjandi tjáist hafa lagt inn í kr. 820,00, er greiða skyldi stefnda samkvæmt undirmatinu. Svo krefst áfrýjandi málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með því að fallast verður á þá skoðun héraðs-